

Efni: Breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna fyrirhugaðra breytinga á athafnasvæðum við Kallhamar (A3), Hamraenda (A1) og Flugstöð (A4) og kynning á vinnslutillögu deiliskipulags fyrir athafnasvæði (græns iðngarðs) við Kallhamar og Hamraenda í Stykkishólmi.

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna auglýstra kynninga á þrem skipulagsmálum í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Nefndin hefur ákveðið að leggja mat á allar beiðnir í sameiginlegri umsögn, þar sem hvert skipulagsmál verður tekið fyrir sig.

Breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna fyrirhugaðra breytinga á athafnasvæðum við Kallhamar (A3), Hamraenda (A1) og Flugstöð (A4).

Hamraendar (A1)

Nefndin leggur til að mörk athafnasvæðis verði dregin þannig að þau verði 50 metra frá strandlengju Breiðafjarðar. Þannig má viðhalda landslagi svæðisins, sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar¹, og að skapa grannsvæði milli verndarsvæðis Breiðafjarðar og athafnasvæðisins. Slík grannsvæði eru mikilvæg fyrir lífríki verndarsvæða almennt. Í samhengi athafnasvæðis við Hamraenda er rétt að undirstrika mikilvægi svæðisins fyrir fjölbreytt fuglalíf, sem dvelur í og við fjörur á svæðinu til fæðuöflunar og hvíldar.

Breiðafjarðarnefnd styður að reiðleið um athafnasvæði A1 verði færð til þannig að áfram verði greið reiðleið um svæðið sem að mati nefndarinnar bættir útivistargildi svæðis í nágrenni verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Kallhamar (A3)

Breiðafjarðarnefnd leggur til að mörk athafnasvæðis A3 við Kallhamar verði dregin þannig að þau verði 50 m frá strandlengju Breiðafjarðar, líkt og nefndin hefur lagt til í tengslum við athafnasvæði A1 við Hamraenda. Jafnframt er lagt til að svæðið milli A3 og strandlengjunnar verði skilgreint sem óbyggt land. Með þessu yrði tekið tillit til landslagsins og annars verndargildis skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd telur að auki að uppfæra þurfi upplýsingar vegna athafnasvæðis A3 við Kallhamar í vinnslutillögum.

- Í kafla 1.4.1 um vistgerðir er ekki getið um fjöruvistgerðir, þrátt fyrir að fyrirhugað sé að reisa bryggju á svæðinu. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þarna grýttar fjörur², einkum klóþangsfjara, sem hefur hátt verndargildi³. Nauðsynlegt er að kanna svæðið nánar til að skilgreina fjöruvistgerðir á verndarsvæði Breiðafjarðar og hve miklu flatarmáli þeirra yrði raskað við framkvæmdir.

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

² Náttúrufræðistofnun. Grýttar fjörur. <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/gryttar-fjorur>

³ Náttúrufræðistofnun. Klóþangsfjörur. <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/klohangsfjorur>

- Í vinnslutillögunni er tekið fram að Breiðafjörður sé mikilvægt fuglasvæði. Nefndin bendir á að skipulagssvæðið liggur ekki aðeins að fuglasvæðinu, eins og fullyrt er í tillögunni, heldur teygir það sig inn á fuglasvæðið, þar sem fyrirhugað er að reisa bryggju við strandlengju Breiðafjarðar. Til að vernda fuglalíf á svæðinu væri að auka mikilvægt að skilgreina helgunarsvæði á land við grennd mikilvægs fuglasvæðis þar sem fuglar afla sér fæðu og hvílast bæði á landi og á sjó.
- Í kafla 4.4 er fjallað um landslag. Breiðafjarðarnefnd bendir á að landslag Breiðafjarðar nýtur verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar og telur mikilvægt að það sé tekið til greina í skipulagstillögunni.
- Í kafla 4.2.6 er fjallað um umhverfisáhrif. Deiliskipulagstillagan hefur neikvæð áhrif á landslagsgildi Breiðafjarðar almennt, að mati Breiðafjarðarnefndar, en áhrif fyrirhugaðrar hafnar á landslagi er sérstaklega neikvætt. Breiðafjarðarnefnd telur að áhrif á landslag séu fremur neikvæð en óveruleg, sbr. bls. 14 vinnslutillögunnar. Landslag Breiðafjarðar er verndað samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar.

Flugstöð (A4)

Breiðafjarðarnefnd gerir engar athugasemdir hvað varðar fyrirhugaðar breytingar á athafnasvæði A4 við flugstöð þar sem svæðið hefur líklegast ekki á áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar vegna fjarlægðar þess frá strandlengju Breiðafjarðar.

Kynning á vinnslutillögu deiliskipulags fyrir athafnasvæði (græns iðngarðs) við Hamraenda í Stykkishólmi

Deiliskipulagstillaga fyrir athafnasvæði við Hamraenda liggur að verndarsvæði Breiðafjarðar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd leggur til að allar fyrirhugaðar framkvæmdir verði að lágmarki 50 metra frá strandlengju Breiðafjarðar og að svæðið á milli fyrirhugaðra framkvæmda og strandlengju verði skilgreint sem óbyggt land í deiliskipulagi, í samræmi við skráningu samkvæmt núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Breiðafjarðarnefnd telur að tryggja þurfi frárennismál á svæðinu þannig að það rýri ekki verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Nefndin leggur til að hreinsivirki verði fært að lágmarki 50 metra frá strandlengju Breiðafjarðar. Fyrirhuguð hreinsistöð er 230 fermetrar að stærð og staðsett u.þ.b. 20 metra frá strandlengjunni. Þrátt fyrir að hreinsivirki sé fyrirhugað á nú þegar röskuðu landi, telur nefndin mikilvægt að halda framkvæmdum fjarri strandlengjunni, svo upplifun af landslagi Breiðafjarðar verði óröskuð. Hægt væri að vinna raskað land á svæðinu þannig að það yrði hluti af landslagi Breiðafjarðar, en fyrirhuguð staðsetning hreinsistöðvarinnar kemur í veg fyrir það.

Kynning á vinnslutillögu deiliskipulags fyrir athafnasvæði við Kallhamar í Stykkishólmi

Deiliskipulagssvæðið fyrir athafnasvæði við Kallhamar liggur að verndarsvæði Breiðafjarðar, en fyrirhuguð höfn er innan marka verndarsvæðisins samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Líkt og við Hamraenda leggur Breiðafjarðarnefnd til að allar fyrirhugaðar framkvæmdir, svo sem bílastæði,

verði í minnsta lagi 50 metra frá strandlengju Breiðafjarðar og að svæðið á milli fyrirhugaðra framkvæmda og strandlengjunnar, að undanskildu hafnarsvæðinu, verði skilgreint sem óbyggt land.

Breiðafjarðarnefnd veltir fyrir sér skipulag á hafnarbryggju sem á að reisa á verndarsvæði Breiðafjarðar og hvernig fyrirhugað er að lágmarka áhrif hennar á verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar